

A 1786/tillväxt

Flytjandi	Flokkahópur hægrimanna
Afgreiðsla	Norræna hagvaxtar- og þróunarnefndin

Þingmannatillaga um aukið eftirlit með skipum í norrænum höfnum varðandi áfengismælingar og öryggi um borð**Tillögur**

Flokkahópur hægrimanna leggur til að

Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til ríkisstjórna Norðurlanda

að stuðla að því að neysla áfengis um borð í skipum verði ekki liðin;

að stuðla að því að hafnarríkiseftirlit verði aukið;

að stuðla að því að viðurlög við mikilli ölvun um borð í skipum verði hert.

Aðdragandi

Í lok júlí og byrjun ágúst 2018 strönduðu tvö stór fraktskip við Loftahammar og Helsingjaborg í Svíþjóð. Skipstjórar beggja skipanna liggja meðal annars undir grun fyrir mikla ölvun.

Flokkahópur hægrimanna í Norðurlandaráði hefur áður vakið athygli á mikilvægi þess að auka öryggi í siglingum. Hefur flokkahópurinn lagt fram þingmannatillögu um hafnsöguskyldu á Eyrarsundi. Nú viljum við kanna möguleika á því að auka öryggi með því að herða kröfur til skipa sem sigla um hafsvæði Norðurlanda.

Ein leið til að auka öryggi á sjó er að innleiða þá stefnu að neysla áfengis um borð í flutningaskipum verði ekki liðin. Þó er ólíklegt að aukið eftirlit með áfengisneyslu á hafi úti yrði sérlega áhrifaríkt. Slíkt eftirlit gæti reynst flókið og kostnaðarsamt. Árangursríkari leið til að stuðla að því að áfengisneysla um borð í skipum verði ekki liðin væri að okkar mati gegnum tryggingafélögin. Neysla áfengis er ekki liðin um borð í tankskipum sem flytja olíu, að kröfu bæði viðskiptavina og tryggingafélaga. Við viljum að Norræna ráðherranefndin, að höfðu samráði við tryggingafélögin, endurskoði gildandi reglur í norrænu löndunum með það í huga að stuðla að því að áfengisneysla um borð í flutningaskipum verði ekki liðin. Einnig viljum við skoða möguleika á að auka hafnarríkiseftirlit og efla öryggi með því að meina þeim skipum sem ekki standast settar reglur að leggja úr höfn.



Ottawa, 2. júní 2018

Bente Stein Mathisen (H)
Brigitte Klinskov Jerkel (KF)
Hans Wallmark (M)
Juhana Vartiainen (saml)
Lars-Arne Staxäng (M)
Lena Asplund (M)
Maria Stockhaus (M)
Marianne Synnes (H)

Michael Tetzschner (H)
Nils Aage Jegstad (H)
Norunn Tveiten Benestad (H)
Solveig Sundbø Abrahamsen (H)
Susanna Koski (saml)
Thomas Finnborg (M)
Vilhjálmur Árnason (Sj.)
Wille Rydman (saml)